

Alþingi  
Erindi nr. **P 127/874**  
komudagur **25.2.2002**



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2002.


**Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 63/1969 um verslun með áfengi og  
tóbak (312. mál).**

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Í greinargerð koma fram fullyrðingar sem Verslunarráð telur í besta falli furðulegar. Því er m.a. haldið fram að áfengisinnflytjendur kæri sig ekki um að koma tilteknum áfengistegundum í sölu hjá hinu opinbera en leggi þó inn umsókn um sölu. Frumvarpshöfundar telja þennan viljaskort bagalegan að því leyti að það kosti mikla vinnu hjá ÁTVR að taka á móti tilhæfulausum umsóknum og að það tefji fyrir þeim sem raunverulega óska þess að selja sínar vörur. Því er einnig óbeint haldið fram í frumvarpinu að kostnaður ÁTVR við hina svokölluðu reynslusölu sé annar og nánast meiri en almennur kostnaður sem fellur til við verslun og því sé nauðsynlegt að leggja á sérstök gjöld.

Verslunarráð telur að ofangreind ummæli eigi ekki við rök að styðjast. Verslunarráð vill þó benda á það sem meira máli skiptir og varðar fyrirkomulag áfengissölunnar. Verslunarráð hefur lengi bent á hagkvæmni þess og siðferðislegt réttmæti þess að afnema einokunarsölu á áfengi og veita almenningi frelsi til þess að versla með áfengi. Athugsemdir með ofangreindu frumvarpi renna frekari stoðum undir þessa skoðun ráðsins.

Verslunarráð mælir ekki með því að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

  
Sigrúnar Brynju Einarsdóttur.

Póstáritun:  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: mottaka@chamber.is  
Website: www.chamber.is